

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 32/2024, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 32/2024, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

3. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Bjarni Benediktsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og vinnumarkaðsráðherra*.

2. gr.

7. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Innviðaráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innviðaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innviðaráðherra*.

3. gr.

8. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Matvælaráðherra.

Bjarni Benediktsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *matvælaráðherra*.

4. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 17. október 2024.***Halla Tómasdóttir.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.